



Breytingar 1. ágúst 2005

Í nýjum samningi FG og LN er fjallað um vinnutímann (9,14) í grein 8. Þar segir meðal annars:

Þess skal gætt að nægilegur tími sé til:

- Samstarfs fagfólks innan skólans og utan foreldrasamstarfs
- skráningar upplýsinga,
- umsótnar- og eftirlits með kennslurými
- nemendasamtala

Skólastjóra er heimilt að töflusetja allt að 4,14 stundir á viku vegna kennarafunda, samstarfsfunda og viðtalstíma.

Umsjón með gerð innkaupalista er hluti af vinnuskyldu kennara. Innkaup og viðhald búnaðar er ekki hluti af faglegum störfum kennara. Heimilt er að semja við einstaka kennara um að sinna þessum störfum innan dagvinnutíma eða í yfirvinnu.

Eins og þarna kemur fram er skólastjóra heimilt að töflusetja allt að 4,14 stundir á viku. Eftir eru þá 5 stundir til annars sem ekki má töflusetja, en eiga auðvitað að vera innan vinnurammans. Á þessum 5 klukkustundum skal þess gætt að nægjanlegur tími sé til að sinna ofangreindum störfum.



Breytingar á stjórn og starfsmannahaldi

Á aðalfundi félagsins á Selfossi var fjárhagsáætlun félagsins samþykkt. Í henni var gert ráð fyrir að ráðinn skyldi þjónustufulltrúi til starfa hjá félaginu. Starf þjónustufulltrúa var auglýst laust

til umsóknar á vormánuðum. Á annan tug umsókna barst og var Sesselja G. Sigurðardóttir ráðin í starfið frá 1. ágúst. Árni Rúnar Þorvaldsson, kennari í Heppuskóla, tók sæti hennar sem gjaldkeri í stjórn Félagsins. Eru þau bæði boðin velkomin til starfa.

Námsheimsókn til Japans

Japönsk stjórnvöld bjóða þrjá styrki til námsheimsókna til Japans til þess að kynna menntakerfi, menningu og þjóðfélagsmálum. Styrkirnir eru ætlaðir framhaldsskólakennurum og kennurum í 8. - 10. bekk grunnskólans. Heimsóknin stendur í 14 daga og er gert ráð fyrir rúmlega 200 þátttakendum frá um 80 löndum. Lögð er áhersla á að allir, sem koma að heimsókninni, bæði gestir og heimamenn, séu vel mælandi á ensku. Námskeiðið, sem um ræðir, stendur frá 16. nóvember - 29. nóvember næstkomandi.

Styrkurinn tekur til ferðakostnaðar og upphalds í Japan.

Umsækjendur þurfa að uppfylla annað hvort eftirfarandi skilyrða:

A. Vera kennari sem hefur tekið þátt í þróun kennslu eða námskráargerð á sviði félagsfræða, þ.e. sögu, landafræði, stjórnmálafræði, hagfræði eða alþjóðamála.

B. Vera stjórnandi í menntakerfinu sem hefur forgöngu um námsskrárþróun eða samningu kennslubóka á sviði félagsfræða.

Umsækjendur þurfa að hafa kennt í 5 ár og vera yngri en 50 ára.

Umsóknareyðublöð um styrkina má fá í menntamálaráðuneytinu og á vef ráðuneytisins. Nánari upplýsingar gefur skrifstofa menntamála í síma 545 9500.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2005.

6.500 kr. potturinn

Viðbótarlaun vegna stöðuheita, álags eða verkefna utan 9,14



Skólastjóri hefur til umræða sem svarar kr. 6.500 á mánuði á hvert stöðugildi félagsmanna Félagsgrunnskólakennara í viðkomandi skóla, sem taka laun eftir þessum samningi, til hvort sem er stöðuheita eða til að greiða kennurum fyrir sérstakt álag og verkefni sem ekki rúmast innan 9,14 verkstjórnarstunda, sbr. grein 2.1.6.2. Þessi fjárhæð breytist í samræmi við breytingar á launatöflu frá og með 1. janúar 2006.

Vinnan gæti verið:

- *vegna nýrra stöðuheita
- *til að greiða fyrir sérstakt álag á kennara
- *vegna verkefna sem ekki rúmast innan 9,14 verkstjórnarstunda s.s. teymisvinnu, skólaþróunarvinnu eða vegna sér skilgreindra verkefna.

Kjarasamningur

Nú lítur út fyrir að kjarasamningur félagsins og launanefndar sveitarfélaganna komi úr prentun um mánaðarmótin. Þeir verða sendir í skólanna um leið og þeir berast.

Lækkun félagsgjalda

Frá og með 1. ágúst lækkuðu félagsgjöld Kennarasambands Íslands úr 1,7% í 1,6% af föstum launum fyrir dagvinnu. Lækkunin er í samræmi við ákvörðun þings KÍ sem haldið var í mars sl. en þar var samþykkt að félagsgjöld kjörtímabilið 2005 – 2008 skyldu vera 1,6% af föstum dagvinnulaunum. Félagsmönnum er bent á að fylgjast með því á launaseðlum sínum hvort félagsjöldin eru rétt út reiknuð.



Úr ritgerð um „vatnið“:

„Vatnið er nauðsynlegt. Ef ekkert vatn væri, gætum við ekki lært að synda og þá myndum við drukkna.“